

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/787
komudagur 7.1.2014

7. janúar 2014

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um mannanöfn, 200. mál

Andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi þakkar boð Alþingis um að veita umsögn um frumvarp til laga um mannanöfn (mannanafnanefnd, ættarnöfn), 200. mál.

Við tökum undir þá megin hugsun að baki frumvarpinu að réttur foreldra til að velja börnum sínum nöfn skuli vera rúmur eða eins og segir í greinargerðinni „að almennt skuli gert ráð fyrir að nöfn séu leyfð og aðeins sérstakar aðstæður í undantekningartilfellum geti orðið til þess að ríkisvaldið komi í veg fyrir slíkt“.

Óneitanlega vaknar sú spurning hvort ekki hefði verið rétt að endurskoða löginn í heild sinni til að ná þessu markmiði, þar sem t.d. 5. greinin virðist í beinni mótsögn við yfirlýstan tilgang breytinganna með því að nánast útiloka að Íslendingar noti „erlend“ nöfn eða nöfn sem ekki hafa unnið sér hefð. Undantekning er samkvæmt gildandi lögum, sbr. 10. gr. (og frumvarpið leggur ekki til að þar verði breyting á) að erlendir ríkisborgarar, eða fólk sem hefur verið erlendir ríkisborgarar, mega gefa börnum sínum nöfn sem víkja frá ákvæðum 5. greinar. Hér er um beina mismunun að ræða þar sem Íslendingar með íslenskan uppruna njóta ekki sama valfrelsis í nöfnum og þeir sem hafa flust til landsins.

Okkur verður hugsað til allra þeirra nafna sem bættust í íslenska nafnaflóru eftir kristnitöku og voru erlend á sínum tíma. Við bahá'íar búum á líkan hátt við nýjan sið og mörg okkar vilja gjarna nota nöfn úr sögu trúar okkar þegar við veljum börnum okkar nöfn. Þeim okkar sem hafa flust til landsins erlendis frá er það heimilt en það leyfist hins vegar ekki fólki í alíslenskum fjölskyldum. Vafalaust eru margir í svipuðum sporum, að eiga t.d. kæra ástvini frá langtímadvöl erlendis en mega vegna alíslenskrar ættar sinnar ekki láta börnin sín heita í höfuðið á þeim. Þjóðarráðið mælir ekki með slíkri mismunun.

Þær starfsvenjur sem gilt hafa, og eru framlengdar með frumvarpinu að óbreyttu, að prestar eða forstöðumenn trúfélaga hafi afskipti af nafngjöf barna þykja okkur hægjar enda skrá þeir sem ekki tilheyra slíkum söfnuðum nöfn barna sinna beint hjá Þjóðskrá án afskipta milliliða.

Sú gamla hefð Þjóðkirkjunnar og fleiri kristinna safnaða að tengja nafngjöf við skírn eða vígslu inn í viðkomandi trúfélag er væntanlega orsök þess að prestar og trúfélög hafi enn í dag einhverju lagalegu hlutverki að gegna varðandi nafngiftir barna. Áður fyrr tengdist þetta jafnvel þeim lífsskilningi að barn sem andaðist án þess að hafa hlotið skírn gæti ekki komist til himnaríkis. Engin slík viðhorf eru til staðar í bahá'í trúnni, nöfn tengjast hvorki inngöngu né veru í trúfélaginu og bahá'í stofnanir hlutast ekki til um nafnaval barna. Því þætti okkur eðlilegast að Þjóðskrá væri í öllum tilvikum sá aðili sem tæki afstöðu til nafna ef upp kæmu óskir um að skrá mjög óheppileg nöfn sem líklegt væri að yrðu þeim sem þau bæru til verulegs ama eða trafala í lífinu.

ANDLEGT ÞJÓÐARRÁÐ BAHÁ'ÍA Á ÍSLANDI
THE NATIONAL SPIRITUAL ASSEMBLY OF THE BAHÁ'ÍS OF ICELAND

Bahá'í trúin leggur ríka áherslu á samráð sem lýðræðisleg og árangursrík vinnubrögð. Í því ljósi teljum við eðlilegra að ákvarðanir um álitamál séu teknar af hópi fólks eftir samráð, frekar en af einstaklingi. Vel mætti hugsa sér að Þjóðskrá hefði innan sinna vébanda eða gæti leitað til hóps fagaðila í líkingu við mannanafnanefnd, en úrskurði Þjóðskrár mætti kæra til æðra valds. Eins mætti hugsa sér að slíkur hópur fagaðila gegndi ráðgjafar- og fræðsluhlutverki gagnvart foreldrum og almenningi en slíkt gæti komið að góðum notum ekki síður en stífur lagarammi.

Fyrir hönd Andlegs þjóðarráðs bahá'ía á Íslandi


Ingibjörg Daníelsdóttir